

## 42. gr.

154

2. nív.

Hverja þá skipun, sem hafnarnefnd eða umsjónarmaður hafnarnefndar má gefa skipi eða báti samkvæmt reglugerð þessari, skal gefa skipstjóra eða formanni, en stýrimanni, ef skipstjóri eða formaður er eigi við. Ef enginn er stýrimaður eða hann er fjarverandi, má gefa einhverjum af skipshöfninni fyrirskipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri eða formaður hefði sjálfur fengið skipunina.

## 43. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

## 44. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingabætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi, og birtist tíi eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Ólafsvíkirkauptún, nr. 39 25. febrúar 1952.

*Samgöngumálaráðuneytið, 2. nóvember 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

## AUGLÝSING

155

9. nív.

## um umferð á Álftanesi í Gullbringusýslu.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958 hefur ráðuneytið ákveðið, að umferð um Garðaveg í Bessastaðahreppi í Gullbringusýslu skuli hafa stöðvunarskyldu gagnvart umferð um Álftanesveg við vegamót hjá Selskarði.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. nóvember 1961.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Ólafur W. Stefánsson.*